

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

243. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2014, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Unnsteinn Andrésson, og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Úlfar Trausti Þórðarson

Formaður setti fundinn.

Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1411004** Miðdegishóll. Umsögn vegna leyfis á gistingu í flokki II.
- 2. Erindi nr. 1410035** Mörk II. Umsókn um byggingarleyfi á gestahúsi
- 3. Erindi nr. 1411005** Laxárdalur II. Umsókn um stofnun lóðar
- 4. Önnur mál**

Tekið á dagskrá:

Afgreiðslur:

1. Erindi nr. 1411004. Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn vegna umsóknar Vigdísar Gunnarsdóttur kt. 220179-4199 Lækjamóti II sem sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II (íbúð) f.h. Miðdegishóls ehf. kt. 610313-0940.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

2. Erindi nr. 1410035. Sigurður Þór Ágústson sækir um byggingarleyfi fyrir gestahúsi í landi sínu Mörk II. Húsið er úr timbri með bárujárnri í þakklæðningu. Meðfylgjandi aðaluppdrættir eru unnir af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði ehf.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir.

3. Erindi nr. 1411005. Jóhann Ragnarsson kt. 180770-3729 og Jóna Guðrún Ármannsdóttir kt. 251273-3759 óska eftir að stofna lóð úr landi Laxárdals II landnr. 142210. Lóðina vilja þau nefna Hjallholt. Uppdráttur er unninn af Gunnari Ríkharðssyni hjá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða lóðarumsóknina.

4. Önnur mál.

4a. Lagt fram til kynningar bréf sveitarstjóra til Vegagerðarinnar varðandi niðurfellingu vega af vegaskrá.

4b. Á 242. fundi skipulags- og umhverfisráðs undir lið 7a var samþykkt að fara í deiliskipulagsvinnu á svæði sunnan Syðri-Hvammssár og austan Hvammstangabrautar. Að fengnu álit ráðgjafa er ekki talið nauðsynlegt að deiliskipuleggja tiltekið svæði, að svo stöddu nægir að hverfisskipuleggja það. Því leggur ráðið til að farið verði í að deiliskipuleggja hafnarsvæðið eins og það er skilgreint í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 og mögulega aðliggjandi svæði.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20

Pétur Arnarsson

Unnsteinn Andrésson

Guðjón Þórarinn Loftsson

Ragnar Smári Helgason

Úlfar Trausti Þórðarson

Árborg Ragnarsdóttir

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs